

BORGARRÁÐ 25. maí 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um eignarhald lóða – MSS23050152

Fyrirspurn um eignarhald þeirra lóða sem voru með samþykkt deiliskipulag við árslok 2022. Spurt er út í fjölda byggingarheimilda sem voru tilbúnar og með samþykkt deiliskipulag við árslok 2022. Óskað er eftir upplýsingum um eignarhald á þeim lóðum, þ.e.a.s hversu margar íbúðir voru samþykktar á lóðum í eigu einkaaðila sem hugðust byggja fyrir almennan markað? Hversu margar íbúðir voru samþykktar á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar fyrir almennan markað? Hversu margar íbúðir voru samþykktar á lóðum í eigu húsnæðisfélaga? Hversu margar íbúðir voru samþykktar á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar fyrir húsnæðisfélög? Hvernig skiptist hlutfallið þess á milli þessara fjögurra skiptinga? Til skýringar er óskað eftir svörum út frá þeirri uppsetningu sem finna má í fyrsta ársfjórðungsyfirliti árið 2022 með húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar á bls. 16 sem ber heitið „Samþykktar byggingarheimildir“.